

Nr. 087 / 12 Silver Copenhagen**Strandar á Vopnafirði**

IMO.nr. 9143386
Fánaríki: Noregur
Stærð: 3817 GT
Mesta lengd: 98 m
Breidd: 16 m Dýpt: m
Vél: kW,
Fjöldi skipverja: 14

Gögn:

Lögregluskýrsla
Skýrsla frá skipi
Gögn RNS



Silver Copenhagen©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. apríl 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. ágúst 2012 var frystiskipið Silver Copenhagen að fara úr höfn á Vopnafirði á leiðis til Neskaupstaðar. Meðaldjúprista: Um 5,8 m. Veður: Hægviðri.

Skipið hafði legið við Löndunarbryggjuna við lestun á frosnum makríl og var á siglingu út þegar það strandaði um kl. 05:10 á stað á milli hennar og gömlu Kaupfélagsbryggjunar.

Við aðfall auk þess að dæla ballest úr botntönkum að framan tókst að losa skipið um kl. 06:30 og lagðist það að bryggju aftur.




Silver Copenhagen á strandstað©Jón Sigurðsson

Kafari var fenginn til að kanna mögulegar skemmdir og í ljós kom að aðeins var um rispur á botninum að ræða og fékk það leyfi til að halda för sinni áfram.

Við rannsókn kom fram:

- að hafnsögumaður var ekki um borð við brottför en hafði verið með skipinu þegar það kom. Að sögn hafnarvarðar var skipstjóranum var boðinn hafnsögumaður við brottförina en hann hafði ekki talið þörf á því. Skipstjórinn fékk leiðbeiningar hjá hafnsögumanni um hvernig best væri að haga siglingu skipsins frá höfninni;

- að skipstjórinn hafði komið nokkrum sinnum til hafnarinnar áður en ekki með þetta skip;
- að skip var við löndun syðst á bryggjunni og fram kom hjá skipstjóra að það hefði skapað þrengsli og gert honum erfitt fyrir. Hafnarvörður tók undir að það gerði skipum erfitt fyrir við þessar aðstæður og lítið mætti út af bera;
- að kortið hér að neðan sýnir feril skipsins og strandstað. Númerin merkja eftirfarandi: 1) Nótaskipið FAXI RE 9 við Löndunarkantinn; 3) Leið skipsins (rauð); 4) Venjuleg siglingaleið (græn). Eins og fram kemur er skipið ávallt utan venjulegrar siglingaleiðar;



Ferill Silver Copenhagen og strandstaður

- að fjöruliggjandi var kl. 05:43 eða u.þ.b. hálf tíma eftir að skipið strandaði. Fram kom hjá skipstjóra að hann taldi ástæður þess að skipið strandaði væru lítil ferð, lágsjávað og straumur. Fram kom hjá hafnarverði að eini straumurinn innan hafnarinnar væri sjávarfallastraumur og að hann hefði ekki haft áhrif á stjórn skipsins;
- að vel sást til leiðarmerkja frá brú skipsins;
- að fyrir utan skipstjóra var yfirstýrimaður og maður á stýri í brúnni.

Nefndarálit:

Orsök strandsins eru mistök við stjórn skipsins við þröngar aðstæður.